

Ed.

378. Nefndarálit

[181. mál]

um frv. til l. um stjórn fiskveiða 1988–1991.

Frá 3. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Frumvarpi um stjórn fiskveiða var vísað til nefndarinnar 8. des. sl. Ljóst var að þar sem naumur tími var til umræðna um málið vegna þess að gildandi lög um fiskveiðar falla úr gildi um komandi áramót þótti rétt að sjávarútvegsnefndir beggja deilda fjölluðu um málið sameiginlega, enda var svo gert.

Tíu nefndarfundir voru haldnir, þar af átta sameiginlegir. Fjöldi manna mætti til funda við nefndirnar, þar á meðal fulltrúar flestra þeirra sem kallast hagsmunaaðilar í þessu máli, svo og fleiri. Þá sátu fulltrúar sjávarútvegsráðuneytisins alla fundi nefnda og veittu þær upplýsingar sem um var beðið.

Málið var rætt ítarlega miðað við kringumstæður, en eins og vitað var fyrir voru um málið mjög skiptar skoðanir.

Fljótlega í byrjun nefndarstarfs lögðu formenn beggja sjávarútvegsnefnda, Karvel Pálmason og Matthías Bjarnason, fram breytingartillögur í því skyni að náðst gæti sem breiðust samstaða um málið í nefndunum og þinginu sem heild. Þessar breytingartillögur voru ræddar ítarlega innan nefndanna og þingflokka og var mörgum þeirra ekki illa tekið. Markmiðið með þessum tillögum var að reyna að skapa þökkalegan frið um málið, í ljósi þess hversu málið er stórt og viðamikil og hefur raunar áhrif á hvern einasta Íslending hvernig til tekst.

Ljóst varð í lok nefndarstarfsins að ekki náðist það samkomulag sem að var stefnt, því miður. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem hann leggur til.

Undirritaður leggur fram breytingartillögur við frumvarpið í þeim anda sem formenn beggja sjávarútvegsnefnda lögðu fram innan nefndanna og áður hefur verið getið um og leggur til að frumvarpið verði samþykkt — nái þær breytingartillögur fram að ganga.

Alþingi, 19. des. 1987.

Karvel Pálmason,
form.